



Til: skipulag@hvalfjardarsveit.is
Efni: Re: Fw: 1911008 - Umsögn
Upplýsingar: Sent: 03.01.2020 15:49:40 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019120005, Málalýklar: 42-0 Umsagnir almennt

Tilvísun í mál: 2019120005

Vísað er til bréfs frá Hvalfjarðarsveit, dags. 2. desember 2019, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar og tillögu að deiliskipulagi fyrir virkjunarsvæði. Breytingin felur í sér að hluta af opnu svæði til sérstakra nota við bæinn Dragháls verði breytt í landbúnaðarland. Er þetta gert vegna virkunarframkvæmda.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir skipulagslýsinguna og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar og umfangi og staðsetningu þeirrar framkvæmdar sem skipulagið nær til, að í lýsingunni sé gerð grein fyrir þeim þáttum sem gera þarf grein fyrir í viðkomandi skipulagi og umhverfismati þess. Það vekur hins vegar athygli að búið er að framkvæma viðkomandi virkjun og fyrstu beinu áhrif hennar á landslag, jarðminjar og lífríki Draghálsár því væntanlega komin fram en langtímaáhrif óviss en lax gengur í ána. Í deiliskipulagsskýrslu kemur fram að skerðing verði á rennsli í fiskgenga hluta árinna á um 500 m kafla.

Þó svo að framkvæmdin hafi þegar átt sér stað þá er innihald texta í umhverfismatsskýrslu sumstaðar á þann veg að engu líkara er en að framkvæmdin hafi ekki komið til framkvæmdar. Til dæmis segir á bls. 13. í töflu: „Verði tryggt að framkvæmdir í og við ána fari ekki fram á viðkvæmum tíma þarf ekki að búast við óeðlilegum afföllum á seiðum.....“ Á hvaða tíma árs var framkvæmdin? Í sömu töflu segir: „Ekki er vitað um fugla á válista á svæðinu“. Var það kannað? Jafnframt segir: „Líklegt er að þau neikvæðu áhrif sem mannvirkin hafa á fugla og búsvæði séu þegar komin fram og fjarlæging mannvirkjana því ekki talin hafa áhrif.“ Í fyrsta lagi er ekki boðlegt að skipulag fyrir framkvæmd sé fyrst sent út til umsagnar þegar framkvæmdinni er að mestu lokið. Í öðru lagi er ekki heldur boðlegt að fullyrða að endurheimt svæðisins hafi ekki áhrif, hvað með t.d. rennsli á 500 m fiskgengum kafla? Í þessu tilfelli má þó segja að það sé kostur að framkvæmdin er ekki viðameiri en hún er og að náttúra þess svæðis sem um ræðir er ekki talin sérstök en engar þekktar náttúruminjar er á svæðinu eftir því sem best er vitað.

Greinilegir annmarkar eru á skipulagsferlinu en það er ekki hlutverk Náttúrufræðistofnunar að bregðast við því.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að svæðinu sé breytt frá því að vera opið svæði til sérstakra nota yfir í landbúnaðarland ef skilmálar fyrir svæði tryggja að nýting þess fari saman við vatnsvernd á svæðinu. Vel hefði mátt skoða að skipuleggja virkjanasvæðið þröngt sem iðnaðarsvæði og þá eingöngu með heimild fyrir þessa tilteknu vatnsaflsvirkjun.

Almennar ábendingar vegna skipulags og umhverfismats:

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á eftirfarandi gögn sem geta komið að notum: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>, og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi> og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf. Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/>. Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>. Finna má upplýsingar um aðferðafræði við mat á verndargildi og val á verndarsvæðum hér: <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>

Einnig má finna upplýsingar um 61. gr. laga um náttúruvernd hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd> og upplýsingar um jarðfræði Íslands hér: <https://jardfraedikort.ni.is/>.

Yfirlit yfir valista má finna hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: Skipulag <skipulag@hvalfjardarsveit.is>
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Date: 12/03/2019 02:15 PM
Subject: 1911008 - Umsögn

Góðan daginn hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Sendi til ykkar gögn til umsagnar vegna tillögu á breytingu aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020. Meðfygjandi gögn eru í viðhengi: Óskað er eftir umsögn.

- Skipulag-teikningar-uppdráttur.
- Lýsing á aðalskipulagsbreytingu.
- Skipulag-teikning Ask-breyting.
- Deiliskipulag greinagerð.

Með bestu kveðju,



Bogi Kristinsson Magnúsen
Skipulags- og umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar,
Innrímel 3, Hvalfjarðarsveit.
301 Akranes.
Sími 433 8500
skipulag@hvalfjardarsveit.is